

**1992 nr. 36 27. maí****Lög um Fiskistofu**

Tóku gildi 10. júní 1992; komu til framkvæmda 1. september 1992. *Breytt með* l. 92/1992 (tóku gildi 1. jan. 1993), l. 144/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.) og l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997).

**I. kafli.**

■ **1. gr.** Fiskistofa skal starfa að stjórnásluverkefnum á sviði sjávarútvegs mála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Fiskistofa heyrir undir sjávarútvegsráðherra.

■ **2. gr.** Fiskistofa skal annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. [Þá skal Fiskistofa hafa með hendi eftirlit með meðferð fisks og framleiðslu sjávarafurða.]<sup>1)</sup> Fiskistofa skal annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegs mála sem og önnur verkefni

sem stofunni verða falin með lögum eða ákvörðun ráðherra.

<sup>1)</sup> L. 92/1992, 1. gr.

■ **3. gr.** [Ráðherra skipar forstöðumann Fiskistofu, fiskistofustjóra, til fimm ára í senn.]<sup>1)</sup>

□ Sjávarútvegsráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skipulag og starfsemi Fiskistofu.

<sup>1)</sup> L. 83/1997, 144. gr.

■ **4. gr.** [Fiskistofa getur með heimild ráðherra, og að höfðu samráði við Hagstofu Íslands, falið öðrum tiltekna þætti við söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegs.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 144/1995, 15. gr.

**II. kafli. . . .****III. kafli.**

■ **13. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 1992. . . .